

Fimmti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn miðvikudaginn, 12. janúar, 2011, kl. 20:00, heima hjá Björgu Eiríksdóttur, að Skólagerði 67, Kópavogi.

Fyrirlesari: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Tekið fyrir:

1. Fundarsetning.Formaður, Kristín Jónsdóttir, setti fundinn Hún bauð konur velkomnar og kvekti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Nafnakall fylgdi. Alls sóttu 27 konur fundinn.

2. **Kerti tendruð og tilkynningar:**Formaður tendraði kertin þrjú og hafði nafnakall. Hún minnti á landsþingið í vor og Evrópuráðstefnu í Baden Baden í ágúst nk. Þá bar hún upp ósk uppstillingarnefndar um tillögur fyrir landsambandsstjórn o.fl. Loks fór formaður yfir dagskrá Gammadeildar á vorönn 2011.
3. **Fundargerð síðasta fundar:**Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, las upp fundargerðir síðustu tveggja funda og voru þær samþykktar.
4. **„Góðir hlutir gerast“:**I ngibjörg Jónasdóttir, landsambandsforseti, minnti á hvatningarátakið „Góðir hlutir gerast“ og hvatti konur til að taka eftir því góða sem gert væri í nærsamfélaginu og segja frá því.
5. **Orð til umhugsunar:**Ingibjörg Jóhannsdóttir minnti á mikilvægi listnáms. Hún sagði frá úttekt Ann Bamford á listnámi í íslenskum skólum og skýrslu hennar þar um. Hún sagði færri hér á landi í háskólanámi í listum en í nágrannalöndum en stór hópur er í listnámi utan skólatíma. Það fer þó eftir hverfum og virðist mest meðal barna háskólamenntaðra foreldra. Loks vakti hún athygli á því að listirnar væru nú komnar inn í alþjóðlega mælikvarða um hagvöxt.
6. Formaður kynnti aðalfyrirlesara kvöldsins, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi borgarfulltrúa, borgarstjóra, alþingismann og ráðherra. Hún hefur verið í forystu kvennabaráttunnar í 25-30 ár, stjórnmalamaður í um 30 ár og varaformaður og formaður Samfylkingarinnar. Formaður minnti á að hlutfall kvenna í forystustörfum hjá borginni hefði stóruaukið í borgarstjóratíð Ingibjargar og hlutur þeirra orðið jafn og karla.

Ingibjörg Sólrún nefndi erindi sitt *Gildra ferðaveldisins*. Hún óskaði eftir því að erindi hennar yrði ekki sett á vefinn þar sem hún ræddi hugmyndir sem hún er enn að móta.

7. **Veitingar:**Að venju komu nokkrar Gammasystur með veitingar.
8. **Söngur:**Þórunn settist við píanóið og viðstaddar sungu af hjartans list.
9. Formaður færði Ingibjörgu Sólrúnu rauða rós sem þakklætisvott fyrir komuna og erindið og Björgu rós fyrir húsaskjólíð. Einnig færði hún Rannveigu Löve rós með hamingjuóskum með að hafa verið heiðruð með riddarakrossinum. Formaður sleit síðan fundi kl. 22:30.

GGÓ fundarritari.